

Breytingartillögur sem eru ekki við tilteknar greinar

Frá A-nefnd:

Tillaga: Yfirskrift mannréttindakafla verður: Mannréttindi og náttúra.

Yfirskrift kaflans verður Mannréttindi og náttúra en greinin sjálf er óbreytt.

Skýringar: Til að koma til móts við umræðu í ráðinu í síðustu viku, þ.e. til að marka þau þáttaskil að umhverfisvernd sé komin í stjórnarskrá Íslands.

Breytingartillögur frá 17. ráðsfundi um nýjar greinar:

A-nefnd hafnar breytingartillögu nr. 30 sem vísað var til nefndarinnar á 17. ráðsfundi. Formaður nefndarinnar mun gera nánari grein fyrir þessari afstöðu á 18. ráðsfundi.

A-nefnd hafnar breytingartillögu nr. 111 sem vísað var til nefndarinnar á 17. ráðsfundi. Formaður nefndarinnar mun gera nánari grein fyrir þessari afstöðu á 18. ráðsfundi.

Frá B-nefnd:

Ný grein, ekki í skjali. Aftast í Alþingiskafla.

Tillaga:

Lagt er til ákvæði er verndar sjálfstæðar stofnanir er gegna mikilvægu hlutverkum.

Grein eftir breytingu:

Í lögum má kveða á um að tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi.